

30. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

haldið í Gullteigi á Grand hóteli í Reykjavík 8. apríl 2016

Ágætu landsþingsfulltrúar, starfsfólk og gestir. Verið velkomin á 30. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Mig langar að fara yfir nokkur mikilvæg mál með ykkur í þessu erindi. Tæpa verður á mörgu og margt skilið eftir eins og gengur. En það er gott að leggja inn hjá ykkur fyrir umræðurnar á borðum hér á þinginu.

Opinber fjármál

Með nýjum lögum um opinber fjármál er stokkað upp í fjárlagagerð ríkisins. Fjárhagsleg stefnumörkun til langs tíma er sá grunnur sem svokallaðar rammafjárveitingar eiga að byggjast á. Nú mun reyna á alþingismenn, hvort þeir verði tilbúnir að hverfa frá vinnubrögðum sem byggjast á ítarlega sundurliðuðum smáfjárveitingum og taka í staðinn upp stefnumótandi fjárlagagerð að hætti nútímalegra stjórnunaraðferða.

Það mikilvægasta í þessu fyrir sveitarfélögin er að lögin boða skipulagðari og formfastari samskipti en áður í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Markmiðið er að stuðla að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera þar sem fjallað skal á formlegan hátt um hvernig fjármagna megi opinbera þjónustu í sátt milli ríkis og sveitarfélaga.

Sambandið hefur lengi reynt að stuðla að vinnubrögðum sem þessum. Það er því mikið fagnaðarefni að lögin hafi tekið gildi.

Rekstur sveitarfélaga

Á árinu 2016 eru heildartekjur A-hluta sveitarfélaganna áætlaðar um 268 ma.kr. eða tæplega 8,5% hærri en útkomuspár sýna fyrir árið 2015. Samkvæmt

fjárhagsáætlunum fyrir A-hluta sveitarsjóða fyrir árin 2016–2019 munu tekjur sveitarfélaganna síðan vaxa hægt en örugglega á næstu árum. Líkur eru á að veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum fari heldur vaxandi. Rekstrarafkoma sveitarfélaga versnaði á árunum 2014 og 2015 en þar vógu dýrir kjarasamningar þungt. Niðurstöður kjarasamninga munu þó skila sér til sveitarfélaganna í auknum útsvarstekjum.

Samningur um tónlistarskóla og nýr ríkistónlistarskóli

Í nokkurn tíma hafa legið fyrir drög að sem miða við að tryggja fjármögnun framhaldsstigsins í tónlist í þrjú ár. Í tengslum við það samkomulag á grundvelli draganna hefur mennta- og menningarmálaráðherra kynnt áform um stofnun tónlistarframhaldsskóla fyrir um 200 nemendur. Ríkið mun styðja tónlistarskólana um 520 m.kr. á ári verðtryggt. Á móti fjármagna sveitarfélögin eins og áður verkefni að jafnvirði 230 m.kr. á ári. Miðað við þetta ætti fjármagnið frá ríkinu að duga til að fjármagna það kennslumagn sem áfram verður hjá sveitarfélögunum eftir að nýi skólinn tekur til starfa. Stefnt er að undirritun sammings í næstu viku en það fer alfarið eftir ráðherra og ráðuneytum hvort sú tímasetning stenst.

Þjóðhagsráð

Svokallað Þjóðhagsráð er í undirbúningi. Starfið hefur verið leitt af forsætisráðuneytinu – forsætisráðherra, fjármálaráðherra, Seðlabanka Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og þeim heildarsamtökum launþega sem eiga aðild að rammamarkaði á vinnumarkaði frá 27. október 2015, eða SALEK samkomulaginu, þ.e. ASÍ og BSRB. Þjóðhagsráð á að fjalla um samhengi opinberra fjármála, peningastefnu og vinnumarkaðar í tengslum við helstu viðfangsefni hagstjórnar. Fyrsti fundur þess átti að vera í byrjun apríl. Honum var hins vegar verið frestað vegna ágreinings milli ASÍ og stjórnvalda um skilgreiningu á verkefnum þess.

Bankaskatturinn

Nokkur umræða hefur átt sér stað að undanfögnu meðal sveitarstjórnarfólks um það á hvern hátt eigi að deila þeim fjármunum út sem ætlað er að renni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til mótvægis við þann kostnað sem þau urðu fyrir í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar við nýtingu séreignasparnaðar til húsnæðissparnaðar og/eða niðurgreiðslu húsnæðislána. Umræðan hefur staðið um hvort eigi að deila framlaginu út eftir reglum um útgjaldaframlag Jöfnunarsjóðsins eða hvort eigi að deila því út eftir fjárhagslegum áhrifum aðgerðanna fyrir hvert sveitarfélag. Samband sveitarfélaga hefur óskað eftir upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra um hver áhrif aðgerðanna urðu fyrir hvert sveitarfélag. Svar hefur ekki borist enn frá embættinu.

Samningaviðræður um daggjöld hjúkrunarheimila

Viðræður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og sambandsins við Sjúkratryggingar Íslands um daggjöld hjúkrunarheimila hafa staðið yfir á annað ár eða frá upphafi árs 2015. Atriði eins og húsnæðiskostnaður, mat á þjónustupörf, skilgreiningar á þeirri þjónustu sem hjúkrunarheimilin eiga að veita, samræmt mönnunarlíkan og útreikningar á launa- og verðlagsbótum eru ófrágengin. Einnig eru viðræður um lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila nýhafnar. Ekki verður skrifað undir samninga við SÍ nema að hagur hjúkrunarheimila batni verulega. Verið er að kostnaðarmeta kröfulýsingu landslæknisembættisins í tengslum við viðræðurnar. Upp er komin umræða hjá nokkrum rekstraraðilum stórra hjúkrunarheimila að nýta húsnæðið til annarra verkefna til að bregðast við taprekstri liðinna ára og sums staðar er vilji til að skila verkefninu til ríkisins.

Byggðamál

Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2014-2018 eru ákvæði um byggðamál og svæðasamvinnu sveitarfélaga. Þar er kveðið á um að sambandið skuli í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga beita sér fyrir eflingu sóknaráætlana-

verkefnisins. Einnig að sambandið skuli hafa virkt samstarf við Byggðastofnun og koma sjónarmiðum sveitarfélaga, m.a. varðandi byggðaþróun, á framfæri við stofnunina.

Á grundvelli þessarar stefnumörkunar hefur sambandið unnið markvisst. Samvinnan við Byggðastofnun hefur aukist mikið undanfarið og nú hefur verið gengið frá sóknaráætlunum fyrir alla landshluta þar sem búið er að samþætta vaxtarsamninga og menningarsamninga við sóknaráætlanir.

Nú eru komin ný lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir sem tryggja að heimamenn hafi enn frekari aðkomu að byggðamálum og litið er á höfuðborgarsvæðið sem mikilvægan hlekk byggðaþróunar og samkeppnishæfni landsins. Sambandið hefur um árabil barist fyrir þessu fyrirkomulagi svo sveitarfélög fái meira forræði á byggðamálum en áður og bent á að höfuðborgarsvæðið þurfi að vera hluti af byggðastefnu ríkisins.

Kjaramálin

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur lokið gerð kjarasamninga við 57 af 64 viðsemjendum.

Vert er að vekja sérstaka athygli á nýgerðum kjarasamningum við stéttarfélög háskólamanna sem fela í sér veigamiklar breytingar á samsetningu heildarlauna þeirra við innleiðingu og upptöku starfsmats, sem kemur að fullu til framkvæmda árið 2018. Forsenda þess að auka hlut dagvinnulauna í heildarlaunum er afsal starfsmanna á föstum viðbótargreiðslum eða uppsögn greiðslanna af hálfu launagreiðenda. Mikilvægt að sveitarfélög fylgi ákvæðum kjarasamningsins nákvæmlega við framkvæmd þessara breytinga svo tryggt verði að kostnaði vegna þeirra verði haldið í lágmarki.

Húsnæðismálin

Húsnæðismálin eru afar stórt hagsmunamál fyrir sveitarfélögin. Í yfirgripsmikilli vinnu hefur í flestum atriðum hefur verið tekið tillit til sjónarmiða sveitarfélaganna í málamiðlunum en því verður hins vegar ekki á móti mælt að þau eru að taka á sig verulegar skuldbindingar og að einhverju leyti nýjar skyldur til þess að koma af stað hreyfingu í stað þeirrar stöðnunar sem ríkt hefur á fasteignamarkaði á umliðnum árum.

Í umræðunni hefur verið spurt hvort það sé eðlilegt og skynsamlegt að ríki og sveitarfélög - sem til samans eru stjórnvöld í þessum málaflokki - gangi fram fyrir skjöldu með þessum hætti og komi á enn einu opinbera húsnæðisstuðningskerfinu. Niðurstaða greiningar af hálfu sérfræðinga sambandsins leiðir í ljós að í langflestum sveitarfélögum landsins sé aðkallandi þörf fyrir leiguhúsnæði og þá sérstaklega til ráðstöfunar fyrir skjólstaðinga félagsþjónustu þeirra. Það er víða markaðsbrestur í húsnæðismálum úti um landið. Þó ýtt sé undir þennan þátt markaðarins í samstarfi við stjórnvöld breytir það ekki mikilvægi þess að hinum þættinum, einkamarkaðnum sem flestir Íslendingar eru á og vilja vera á, sé sinnt líka.

Hér þurfum við að læra af fortíðinni og varast að önnur sjónarmið en þörf íbúa fyrir húsnæði á viðráðanlegum kjörum ráði för. Það fyrirkomulag sem unnið hefur verið út frá, varðandi samspil milli stofnframlaga annars vegar sveitarfélaga og hins vegar ríkis á að tryggja og vera öryggisventill gagnvart því að farið sé í íbúðabyggingar án þess að þörfin hafi verið metin og leidd í ljós. Við þekkjum mörg mistök í þessum málaflokki frá fyrri tíð.

Félags- og húsnæðismálaráðherra mun taka þátt í umræðum hér á landsþinginu eftir hádegi og þá gefst gott tækifæri til skoðanaskipta.

Samningur um þjónustu við fatlað fólk

Undirbúningur og samningavinna vegna yfirfærslu málefna fatlaðs fólks stóð yfir með hléum í nær tvo áratugi. Að frumkvæði sveitarfélaganna undir forystu sambandsins hófst á ný vinna við málið snemma árs 2007 og má segja að nú hafi loks tekist að ganga endanlega frá þessu verkaskiptamáli milli ríkis og sveitarfélaga. Samningar um tilflutninginn með endurskoðunarákvæði tókust haustið 2010.

Verkefnisstjórn var skipuð árið 2014 til þess að sjá um framkvæmd endurmatsins. Í skýrslu verkefnisstjórnar kemur fram að vel hafi tekist til við yfirfærsluna gagnvart öllum aðilum en jafnframt hafi útgjöld til málaflokksins aukist töluvert.

Verkefnisstjórnin náði ekki samkomulagi um sameiginlega tillögu að fjármögnun til framtíðar. Formaður og framkvæmdastjóri sambandsins fóru í beinar viðræður við fjármálaráðherra og embættismenn í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Niðurstaðan hefur nú verið staðfest í formlegu samkomulagi og verður innleidd með breytingu á tekjustofnalögum sveitarfélaga. Framtíðarfjármögnun málaflokksins verður þannig að 1,24% stig útsvars og 0,235% af tekjum ríkissjóðs munu renna til þessarar þjónustu. Á árinu 2016 má vænta að fjárhæðin nemi um 16,8 ma.kr. Ef upphafleg fjármögnun málaflokksins árið 2011 er framreiknuð m.v. verðlagsbreytingar og verðlagsspá fyrir næsta ár nemur fjárhæðin 13,1 ma.kr. Raunaukning fjárveitinga til þjónustunnar árið 2016 m.v. árið 2011 nemur því um 3,7 ma.kr. Ég held að ég geti fullyrt að fáir sem engir þjónustupættir á vegum hins opinbera hafi fengið jafn mikla raunaukningu í fjármögnun á jafn stuttum tíma og þjónusta við fatlað fólk.

Íþróttá- og æskulýðsmál

Allt samstarf sambandsins við aðila sem vinna að æskulýðsmálum hefur aukist á seinustu árum og umfang æskulýðsmála hjá sambandinu aukist töluvert. Við eigum fulltrúa í Æskulýðsráði ríkisins og í gegnum það hefur starfsmaður sambandsins komið að því að útbúa drög að æskulýðsstefnu ríkisins og um þessar mundir er unnið að aðgerðaráætlun í tengslum við hana.

Flóttamannamálin

Sveitarfélög kölluðu eftir stuðningi sambandsins vegna samningagerðar við ríkisvaldið um móttöku flóttamanna. Stofnað var þverfaglegt flóttamanna- og innflytjendateymi á skrifstofu sambandsins til að hafa umsjón með aðgerðum sambandsins. Fulltrúar sambandsins tóku þátt í viðræðum við velferðarráðuneytið með þeim þremur sveitarfélögum sem ráðuneytið valdið til að taka á móti fyrsta flóttamannahópnum. Það nýmæli er í samningum við ríkið að móttökuverkefnið er til tveggja ára í stað eins áður. Ríkisvaldið þarf að viðurkenna að sveitarfélögin þurfa sambærilegan stuðning vegna aðlögunar þeirra sem fá hæli hér en þeim fjölgar og samsetning hópsins hefur breyst. Áður voru það nær eingöngu einhleypir karlmenn sem leituðu hælis hér á landi en nú er miklu meira um fjölskyldufólk sem þarf eðli máls samkvæmt hliðstæðan stuðning og það flóttafólk sem kemur hingað í boði stjórnvalda.

Jafnréttismálin

Sambandið stóð fyrir málþingi um jafnrétti í sveitarfélögum í síðustu viku og námskeiði daginn eftir. Sérstaklega var leitað eftir þátttöku stjórnenda sveitarfélaga þar sem áhugi þeirra og skilningur er forsenda fyrir árangri í jafnréttismálum. Það var ánægjulegt hversu margir yfirstjórnendur sveitarfélaga, bæði konur og karlar, sýndu áhuga á að taka þátt í málþinginu og nokkrir bæjarstjórar sátu líka námskeiðið daginn eftir. Í tengslum við þessa viðburði gaf sambandið út fræðsluhefti um jafnrétti í sveitarfélögum sem er sérstaklega ætlað

stjórnendum sveitarfélaga. Ákveðið var að allir landsþingsfulltrúar myndu fá eintak af heftinu í landsþingsgögnum sínum í þeirri von að þeir kynni sér heftið og láti það síðan ganga áfram til lykilaðila í sínum sveitarfélögum.

Hlutföll kynja í sveitarstjórnnum

Við sveitarstjórnarkosningarnar árið 2014 voru kjörnir 504 fulltrúar í sveitarstjórnir á Íslandi. Fjórtán árum fyrr, árið 1990, voru kjörnir fulltrúar 1.116. Sveitarstjórnarmönnum hefur því fækkað um ríflega helming á þessu tímabili. Árið 1990 voru sveitarfélögin 204 en eru í dag, eins og vorið 2014, 74 að tölu.

Á þessu sama tímabili hefur konum fjölgað í sveitarstjórnnum. Árið 1990 voru 243 konur kosnar til setu í sveitarstjórnnum eða 21,8%. Þá voru 58 sveitarfélög, þar sem engar konur áttu sæti sem aðalmenn. Árið 2014 voru konur í sveitarstjórnnum 222 eða 44% af fulltrúum í sveitarstjórnnum og það var aðeins í einu sveitarfélagi þar sem engin kona átti sæti í sveitarstjórn. Í 18 sveitarstjórnnum voru fleiri konur kosnar til setu í sveitarstjórn en karlar.

En betur má ef duga skal og nauðsynlegt að í hverju sveitarfélagi, þar sem hlutfall kvenna er enn lágt í sveitarstjórn, þarf að ræða með hvaða hætti úr verður bætt við næstu sveitarstjórnarkosningar 2018.

Persónukjör og rafræn kjörskrá

Í stefnumörkun sambandsins 2014–2018 segir að sambandið skuli hvetja til umræðu á sveitarstjórnarstigi um kosti þess og galla að taka upp aukið persónukjör í almennum kosningum.

Nú er það svo, að á sveitarstjórnarstiginu er persónukjör vel þekkt. Fram til kosninganna 1990 var meira en helmingur sveitarstjórnarmanna kjörinn við óhlutbundnar kosningar – persónukjör. Það ár voru 54% sveitarstjórnarmanna kosnir þannig, en hlutfallið hefur síðan farið lækandi með fækkun og stækkun

sveitarfélaga. Vorið 2014 fór fram persónukjör í 18 sveitarfélögum og voru 94 sveitarstjórnarmenn kosnir þannig eða 18%.

Norska persónukjörskerfið byggir á sams konar listakerfi og er við hlutfallskosningar hér á landi, en veitir kjósendum möguleika á því að hafa áhrif á endanlega uppröðun á listanum sem hann kys – og reyndar með takmörkuðum hætti einnig á aðra lista.

Ég hvet sveitarstjórnarmenn til þess að ræða þetta mál á heimavelli. Hjá sambandinu eru starfandi ágætir sérfræðingar sem geta lagt lið við þá umræðu. Við eigum að vera óhrædd við að þróa lýðræðisfyrirkomulagið áfram. Það er mikil þörf á því. Það er ekki nóg að segja að það séu forréttindi að búa í lýðræðissamfélagi. Það þarf að hlúa að lýðræðinu og næra það.

Starfshópur á vegum forseta Alþingis, sem ræðir umbætur á kosningalöggjöfinni, hefur komist að þeirri niðurstöðu að rafræn kjörskrá verði tekin upp við almennar kosningar, þegar lagaheimild hefur fengist. Þetta er áhugavert skref og ætti að létta alla vinnu við framkvæmd kosninga og er í samræmi við stefnu sambandsins.

Skönnun sveitarstjórnarmála og heimasíðan

Á síðasta ári voru liðin 70 ár frá stofnun sambandsins, en stofnun þess var haldið í Reykjavík og á Þingvöllum dagana 11. til 13. júní árið 1945.

Til þess að minnst þessara merku tímamóta í sögu sambandsins ákvað stjórn að færa þjóðinni aðgang að tímaritinu Sveitarstjórnarmálum frá upphafi á vefnum **tímarit.is** í samstarfi við Landsbókasafn-Háskólabókasafn, sem sá um skönnun tímaritsins og uppsetningu þess á vefnum.

Þá var einnig samþykkt að uppfæra og endurgera vef sambandsins og gera hann þannig úr garði, að hann uppfyllti kröfur dagsins í dag um aðgengi á hvaða tæki sem er; tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum.

Styrkir til meistaranema

Stjórn sambandsins ákvað einnig í fyrra í tilefni 70 ára afmælisins að veita árlega samtals 750 þ.kr. til þriggja meistaranema á ári næstu þrjú ár vegna lokaverkefna á sviði sveitarstjórnarmála sem hafa skírskotun til stefnumörkunar sambandsins 2014–2018. Þessi stuðningur gefur meistaranemum tækifæri á að efla vitund þeirra og áhuga á starfsemi sveitarfélaga, sambandsins og sveitarstjórnarstigsins.

Nú hefur verið samþykkt að veita á þessu ári þremur meistaranemum styrk. Þeir munu fjalla um þjónustu ríkis og sveitarfélaga við börn með sértækar þarfir og grá svæði milli ríkis og sveitarfélaga á því sviði. Einnig um þjónandi forystu og sjálfstæði í starfi starfsmanna í stjórnsýslu sveitarfélaga auk þess sem gerð verður úttekt á vefjum sveitarfélaga og leitast verður við að greina það sem er mikilvægast.

Ferðaþjónusta

Ágætu landsþingsgestir. Ég held að það sé óhætt að segja að fjölgun erlendra ferðamanna hafi reynst mikil áskorun fyrir sveitarfélögin. Greinin skilar miklu fjármagni í ríkissjóð en minna í sveitarsjóði. Engu að síður eru gerðar miklar kröfur til sveitarfélaganna um að bregðast við sívaxandi ferðamannafjölda á fjölsóttum stöðum s.s. varðandi hreinlætismál, umhverfismál, skipulagsmál, öryggismál og úrgangsmál.

Náttúrupassi gekk ekki upp og sveitarstjórnarmenn vilja sjá breytingar í þá veruna að hluti þess sem ferðamenn greiða renni til sveitarfélaganna hvort sem það er í formi hlutdeildar af sköttum ríkisins eða því sem margir tala um sem CityTax og greiðist í hlutfalli við gistinætur í viðkomandi sveitarfélagi.

Stjórnstöð ferðamála sem er samræmingarvettvangur hóf störf seint á síðasta ári og tók ég sæti í stjórn hennar ásamt Sigrúnu Blöndal forseta bæjarstjórnar Fljótshéraðs. Eitt forgangsmála í verkefnaáætlun Stjórnstöðvarinnar 2016-2017 eru að útfæra leiðir til að sveitarfélög hafi tekjur til að mæta kostnaði þeirra.

Mótframlag á móti framlagi Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var lækkað úr 50% í 20% sem er mjög gott fyrir sveitarfélögin. Búið er að úthluta í fjölda uppbyggingarverkefna, fleiri bíða þess að fá fjármagn en mörg bíða ekki eftir fjármagni, heldur því að framkvæmdir hefjist, skipulag klárast o.þ.h. Og tíminn flýgur á meðan.

Lögfræðingar sambandsins eru að undirbúa gerð leiðbeininga til sveitarstjórna um þau stjórnæki sem þær hafa á sviði skipulagsmála, s.s. um heimildir til þess að setja kvaðir um nýtingu húsnæðis í íbúðabyggð.

Lokaorð

Góðir landsþingsfulltrúar og gestir! Ég vonast eftir að landsþingið skili okkur ágætum árangri. Við þurfum að taka stöðuna reglulega og þó við höfum bara daginn í dag þá skerpum við vonandi á ákveðnum málaflokkum til halds og trausts fyrir stjórn og starfsfólk Sambands íslenskra sveitarfélaga. Um leið og ég segi það vil ég þakka okkar góða starfsfólki fyrir undirbúning og utanumhald þessa landsþings sem hér með er sett.

Þingstjórar:

Ég geri hér með að tillögu minni að:

Anna Sigríður Guðnadóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, og

Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri í Rangárþingi ytra,

verði þingforsetar á þessu landsþingi – og ef enginn hreyfir andmælum við því bið ég þau að taka við stjórn þingsins.